

Ed.

605. Frumvarp til laga

[310. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1970, um menntaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Á eftir IX. kafla laganna, 26. gr., komi nýr X. kafli, svohljóðandi:

X. kafli

Um nám fullorðinna.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað skóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka stúdentsprófi. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa og um námskeiðsgjöld, er skulu miðast við að standa undir allt að þriðjungu kennslulauna.

Tölusetning lokaákvæða laganna breytist til samræmis, þannig að núverandi X. kafli verður XI. kafli og núverandi 27. gr. verður 28. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, ásamt frv. sem lagt er fram samtímis um breyting á lögum um fjölbrautaskóla, hefur að markmiði að treysta lagalegan grundvöll þeirrar kennslustarfsemi sem fram fer í svonefndum í „öldungadeildum“ á vegum ýmissa mennta- og fjölbrautaskóla.

Í reglugerð þeirri sem sett var árið 1971 (rg. nr. 12/1971, nú rg. nr. 270/1974) á grundvelli nýrrar löggjafar um menntaskóla frá árinu áður (l. nr. 12/1970) eru ákvæði um að leyfi til að ljúka stúdentsprófi án setu í menntaskóla megi veita þeim, „er á venjulegum menntaskólaaldri hafa t. d. lagt stund á annað nám eða störf, en æskja að afla sér þeirrar menntunar eða þeirra réttinda, er fylgja prófi frá menntaskóla.“ Jafnframt er kveðið á um, að menntamálaráðuneytið geti heimilað skóla að setja á stofn sérstök námskeið, þ. á m. kvöldskóla, í þágu þeirra sem kjósa að notfæra sér þennan möguleika. Þessi reglugerðar-ákvæði styðjast ekki við tiltekin ákvæði í menntaskólalögnum. Með hliðsjón af því hve umfangsmikil starfsemi „öldungadeildanna“ er orðin þykir ástæða til að styrkja lagalega stöðu þeirra að þessu leyti.

Fyrsta öldungadeildin tók til starfa á vegum Menntaskólans við Hamrahlíð árið 1972, og hefur hún að mörgu leyti orðið fyrirmynd hliðstæðra deilda sem síðan hafa komist á laggirnar. Meðal skóla sem nú starfrækja slíkar deildir á sínum vegum, auk Menntaskólans við Hamrahlíð, má nefna Menntaskólann á Akureyri, Fjölbrautaskólann í Breiðholti, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Flensborgarskólann í Hafnarfirði, Fjölbrautaskólann á Akranesi og Fjölbrautaskólann á Selfossi. Vísir að öldungadeildum er og á vegum Menntaskólanna á Ísafirði og Egilsstöðum og Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki. Skólaárið 1982—83 voru nemendur í öldungadeildum taldir um 1860. Þeir sem lokið hafa stúdentsprófi úr öldungadeildum eru orðnir á sjöunda hundrad, og eru konur þar í talsverðum meirihluta.

Starfshættir öldungadeildanna eru um margt talsvert frábrugðnir reglulegri starfsemi „móðurskólanna“. Kennslan fer að jafnaði fram eftir venjulegan skólatíma dag hvern, og kennslustundir sem hver nemandi sækir eru færri, miðað við sama námsefni. Þetta hefur m. a. valdið því, að kennsla í öldungadeildum er greidd með öðrum hætti en í dagskólunum og eftir sérstökum kjarasamningum.

Frá upphafi öldungadeildanna hefur nemendum þeirra verið gert að greiða innritunargjöld, og hefur á seinni árum verið miðað við að þessi gjöld nálgudust að standa undir allt að þriðjungu beins kennslukostnaðar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Efnisatriði greinarinnar miðast við núverandi tilhögun og eru reist annars vegar á gildandi reglugerð um menntaskóla en hins vegar á framkvæmdarreglu sem mótast hefur.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir, að starfsemi öldungadeilda á vegum menntaskóla miðist við kennslu til stúdentsprófs svo sem verið hefur og í samræmi við meginhlutverk skólanna. Eðlilegt er, að í reglugerð sé nánar kveðið á um tilhögun náms og kennslu, svo og rekstrarforsendur. Gert er ráð fyrir, að námskeiðsgjöld miðist við að standa undir allt að þriðjungu kennslulauna eins og stefnt hefur verið að undanfarið.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.